



Borgarráð

Ráðhúsinu  
101 REYKJAVÍK

### *Íþróttastarf í Vogahverfi og Ártúnshöfða - tilv. R21030001*

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 24. janúar 2022 var lagt fram að nýju afrit af bréfi borgarstjóra til borgarráðs dags. 1. mars 2022 vegna tillögu um að fela menningar-, íþróttá- og tómstundaráði að gera tillögu að því hvaða félög taki að sér að þjóna nýjum borgarhluta í Vogahverfi og Ártúnshöfða.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð samþykkti samhljóða eftirfarandi tillögu:

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð hefur fjallað um samþykkt borgarráðs frá 4. mars 2021 þar sem ráðinu er falið að gera tillögu að því hvaða íþróttafélög eða íþróttafélag taki að sér að þjóna nýjum borgarhluta í Vogabyggð og Ártúnshöfða varðandi íþróttamál.

Ráðinu bar að rýna drög að deiliskipulagi og aðgengi að nálægum svæðum með tilliti til íþróttaaðstöðu. Meðal annars átti að líta til hugmynda félaganna og óskir um uppbyggingu inn á svæðunum með hagkvæmni í huga.

Á fundi ráðsins komu fulltrúar Ármanns, Fjölnis, Fylkis, Víkings og Þróttar og kynntu hugmyndir sínar varðandi íþróttastarf í Vogabyggð og Ártúnshöfða.

Lagt er til:

- að Vogabyggð verði þjónað af Ármanni og Þrótti sameiginlega
- að Ármann og Þróttur þjóni einnig Bryggjuhverfi þegar skóli verði kominn í hverfið og þá verði því ekki lengur þjónað af Fjölni
- að skoðað verði að höfuðstöðvar Ármanns og félagsaðstaða flytjist í Vogabyggð, en til samanburðar verði skoðuð hagkvæmni þess að sameiginlegar höfuðstöðvar Þróttar/Ármanns verði áfram í Laugardal
- að Ármann og Þróttur þjóni áfram Laugardalssvæðinu sameiginlega eins og verið hefur

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 14. febrúar 2022 var samþykkt eftirfarandi:

Í framhaldi af samþykkt menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs frá 24. janúar 2022 um skipulag íþróttastarfs í Vogabyggð samþykkir ráðið að leggja til við borgarráð að Höfðabyggð verði jafnframt þjónað af íþróttafélögunum Ármanni og Þrótti. Eðlilegt er að þjónustusvæði félaganna miðist við skólahverfi til framtíðar.

Gert er ráð fyrir að gengið verði til samninga við viðkomandi félög um þjónustu, uppbyggingu og rekstur í hverfunum.

Ekki er gert ráð fyrir að fjölga hverfafélögum með þessari tillögu heldur veiti Ármann

Ekki er gert ráð fyrir að fjölga hverfafélögum með þessari tillögu heldur veiti Ármann og Þróttur heildstæða þjónustu í sameiningu á öllu starfssvæði, bæði í Laugardal og Vogahverfi. Það byggir á því að þjónusta félaganna eftir greinum skarast í engu.

Lagt er til að borgarráð staðfesti samþykkt menningar-íþróttta og tómstundaráðs um íþróttastarf í Vogabyggð og Ártúnshöfða.

Omar Einarsson  
Ómar Einarsson,  
sviðsstjóri.